1981

# Auglýsinga- og kynningarblað skíðamanna

**Útgefandi: Ferðasjóður skíðamanna, Ísafirði**






## Mótaskrá veturinn 1982

| Dags. | Nafn móts og keppnisgreinar | Mótshaldari |
|---|---|---|
| 23. — 24. jan. | Grænagarðsbikar, svig | Ármann |
| 23. — 24. jan. | Vestfjarðamót, (ganga allir flokkar) | Vestri |
| 30. — 31. jan. | Bikarmót, Húsavík (alpagreinar fullorðinna) | |
| 30. — 31. jan. | Bikarmót, Reykjavík (ganga 13 ára og eldri) | |
| 6. — 7. feb. | Vestfjarðamót (stórsvig 13 ára og eldri) | Hörður |
| 6. — 7. feb. | Tveggjabrautakeppni (13 ára og eldri) | S.R.Í. |
| 6. — 7. feb. | Boðganga | Skíðaf. |
| 13. — 14. feb. | Bikarmót, Reykjavík (alpagreinar fullorðinna) | |
| 13. — 14. feb. | Bikarmót, Ísafjörður (ganga fullorðinna) | S.R.Í. |
| 13. — 14. feb. | Bikarmót, Akureyri (stökk) | |
| 13. — 14. feb. | Ólafsmót (svig, ganga 12 ára og yngri)<br>Minningarmót um Ólaf Guðmundsson, forstjóra | Foreldrar |
| 20. — 21. feb. | Bikarmót, Akureyri (alpagreinar unglinga) | |
| 20. — 21. feb. | Vestfjarðamót (svig 17 ára og eldri) | Skíðaf. |
| 20. — 21. feb. | Afmælismót Sigurjóns Halldórssonar (ganga, allir flokkar) | Ármann |
| 27. — 28. feb. | Bikarmót, Ísafirði. Þorramót (alpagreinar fullorðinna) | S.R.Í. |
| 6. — 7. mars | Bikarmót, Húsavík (alpagreinar unglinga) | |
| 6. — 7. mars | Bikarmót, Siglufirði (ganga, stökk, allir flokkar) | |
| 6. — 7. mars | Vestfjarðamót (stórsvig 12 ára og yngri) | Vestri |
| 13. — 14. mars | Bikarmót, Akureyri (alpagreinar fullorðinna) | |
| 10. mars | Hnífsdalsgangan (trimmganga) | S.R.Í. |
| 13. mars | Firmakeppni Skíðaráðs | Foreldrar |
| 14. mars | Vestfjarðamót (svig 16 ára og yngri) | U.M.F.B. |
| 14. mars | Fyrirtækjakeppni í göngu | S.R.Í. |
| 18. —. 21. mars | Unglingameistaramót Íslands, Ísafirði | S.R.Í. |
| 27. — 28. mars | Bikarmót, Siglufjörður (alpagreinar fullorðinna) | |
| 27. — 28. mars | Bikarmót, Ólafsfjörður (ganga, stökk, allir flokkar) | |
| 27. — 28. mars | Lionsmót (svig, ganga 12 ára og yngri) | Lionskl. |
| 3. — 4. apr. | Öldungamót, Ísafjörður (alpagreinar) | S.R.Í. |
| 3. — 4. apr. | %ldungamót, Siglufjörður (ganga stökk) | |
| 3. — 4. apr. | Trimmganga í Bláfjöllum | S.K.Í. |
| 3. — 4. apr. | Skíðasýning í Bláfjöllum (Ski show, Volvo ski-team) | |
| 7. — 11. apr. | Skíðamót Íslands, Reykjavík | |
| 7. — 11. apr. | Flugleiðaganga, Akureyri (trimmganga) | |
| 7. — 11. apr. | Páskaeggjakeppni (12 ára og yngri) | Foreldrar |
| 17. — 18. apr. | Harðargangan (allir flokkar) | Hörður |
| 22. apr. | Fossavatnsgangan (allir flokkar) | Skíðaf. |
| 21. — 24. apr. | Andrésar-Andar leikarnir, Akureyri | |
| 21. — 24. apr. | Brunmót, Akureyri | |
| 21. — 24. apr. | Vormót Foreldraráðs S.R.Í. | Foreldrar |

## Fyrirtækjaboðgangan

Á síðasta vetri var tekin upp sú nýbreytni í skíðamótum að halda boðgöngukeppni á milli fyrirtækja hér í bæ, en keppnin fór fram á Seljalandsdal 25. apríl sl. vor og tóku 18 3ja manna sveitir þátt í boðgöngunni. Hver maður gekk um 3 km. í léttri braut sem var á sléttunni framan við Harðaskálann. Keppnin varð geisilega jöfn og spennandi um fyrstu sætin.

Nú hefur verið ákveðið að fyrirtækjaboðganga 1982 verði 14. marz í vetur. Með því að halda boðgönguna fyrr í vetur en í vor, vonast SRÍ eftir betra göngufæri og fleiri áhorfendum. Þá hvetur SRÍ enn fleiri fyrirtæki til þátttöku í keppninni í vetur og einnig að aðrir starfsmenn mæti og styðji og hvetji sitt lið til sigurs.

Sú sveit sem hlítur sigurorðið fær til varðveislu veglegan farandbikar sem Gamla bakaríið hefur gefið í þessa keppni, einnig eru veitt verðlaun fyrir aðra og þriðju sveit. Keppnin fer fram samkvæmt reglum SKÍ og sér SRÍ um framkvæmdina og setur nánari reglur um þátttakendur, og verða þær reglur auglýstar síðar.

Nú fer mikil hátíð í hönd og ef guð lofar og veðrið verður gott um jól og nýár, ættu menn að slá tvær flugur í einu, það er fara á skíði til að halda línunum innan góðra marka og leggja grunnin að æfingu fyrir boðgöngukeppnina í vetur. Þetta á að sjálfsögðu við um þá sem ekki eru byrjaðir að ganga á hinni hvítu mjöll.

Sjáumst sem oftast í vetur á dalnum og einnig 14. marz.

F.H. SRÍ. Þröstur



**Sveit Útvegsbankans frá göngunni í fyrra.**

LANDSBÓKASAFN

373038

**Farmflytjendur athugið**

Síðasta ferð fyrir jól með M.S. Úðafossi frá Reykjavík til Ísafjarðar verður laugardaginn 19. desember. Vörumóttaka í Sundahöfn, Reykjavík til kl. 16:00, föstudaginn 18. desember.

Vöruafhending á Ísafirði sunnudaginn 20. desember.

Hafðu samband
EIMSKIP
Sími: 3126


# K.s.f. Hörður endurvakinn

Aðalfundur K.S.F. Harðar var haldinn 2. desember síðastliðinn, og var þar kosin ný fimm manna stjórn, í henni eru eftirtaldir:

Magnús Kristjánsson formaður.
Eiríkur Böðvarsson ritari.
Þorgeir Pétursson gjaldkeri.
Jóhann Torfason Form. Knattspyrnudeildar.
Valur Jónatansson Form. Skíðadeildar.

Ekki hefur verið haldinn aðalfundur í K.S.F. Herði síðan 1971.

Stjórn K.S.F. Harðar.




**Ísfirðingar athugið**



Árshátíð Skíðafélags Ísafjarðar verður haldin annan dag jóla.

ALMENNUR DANSLEIKUR:
Gamlárskvöld frá kl. 00:15

Sendum öllum skíðamönnum bestu jóla- og nýárskveðjur.

Uppsalir.



Gólfteppi í úrvali
Nýkominn veggdúkur,
veggstrigi, baðmottusett o. fl.
Úrvals föndurvörur
*
Leir, glerlitir, föndurlitir, þekjulitir, tauþrykklitir, módellökk, fatalitir, ýmis verkfæri o. fl.

Pensillinn
Hafnarstræti 1, Ísafirði — Sími 3221


**SUNDHÖLL ÍSAFJARÐAR**

Almennir tímar eru þannig á skólatíma, en breytast er skólatímum lýkur:

**Sunnud. frá kl. 10 — 12 f.h.**
**Mánud. frá kl. 7:30 — 8 f.h., 5 — 6:30 e.h. og 8 — 9 e.h.**
**Þriðjud. frá kl. 7:30 — 8 f.h., 5 — 7 e.h. og 8 — 9 (konur).**
**Miðv.d. frá kl. 7:30 — 8 f.h., 5 — 6:30 e.h. og 8 — 9 e.h.**
**Fimmtud. frá kl. 7:30 — 8 f.h., 5 — 7 e.h. og 8 — 9 (fullorðnir).**
**Föstud. frá kl. 7:30 — 8 f.h., 4 — 6 e.h. og 8 — 9 e.h.**
**Laugard. frá kl. 10 — 12 f.h. og 1 — 4 e.h.**

Það er hollt og gott fyrir alla að iðka sund.

Sundahöfn — Sími 3910


PÓSTKASSAR



BLIKKSMIÐJA ERLENDAR
PÓSTHÓLF 173 — 400 ÍSAFIRÐI



ÍSFIRÐINGAR
VESTFIRÐINGAR

**HLJÓÐKÚTAR**
**DEMPARAR**
**KÚPLINGSDISKAR**
**SKÚFFUMOTTUR**
**BARNASTÓLAR**
**ÁKLÆÐI**
**SKÍÐAGRINDUR**
**JÓLATRÉSSERÍUR**

ÞETTA ÁSAMT MÖRGU ÖÐRU HÖFUM VIÐ Á LAGER.
LÍTIÐ INN ÁÐUR EN ÞÉR LEITIÐ ANNAÐ.

**RAF HF.**
**bílabúð**



Electrolux
Rowenta
SKIL POWER TOOLS
BRAUN
PFAFF
Candy
Finlux
FISHER
TOSHIBA
KPS

**JÓLAGJAFIRNAR FÁST Í STRAUM**

Djúpsteikipottar - Kaffivélar - Vöfflujárn
★
Hárblásarar - Krullujárn - Rakvélar
Hin vinsæla Moulinette með fygihlutum
★
Mikið úrval loftljósa
★
Rafmagnsverkfæri AEG - SKIL
★
Hrærivélar - Brauðristar - Hraðgrill
★
Jólaseríur - Úti og inni
★
Lítið inn
★

straumur HF



Sendum Ísfirðingum bestu jóla- og nýárskveðjur.



**Olíusamlag útvegsmanna**
Sími 3245



HJÁLPARSVEIT SKÁTA ÍSAFIRÐI

# FLUGELDABAZAR

**Flugeldabasar Hjálparsveitar skáta verður í Skátaheimilinu dagana:**

**28. desember frá kl. 14:00 - 22:00.**
**29. desember frá kl. 13:00 - 22:00.**
**30. desember frá kl. 13:00 - 22:00.**
**31. desember frá kl. 10:00 - 14:00.**

**Mánudaginn 28. desember verður flugeldasýning kl. 20:00 ef veður leyfir**

**Hjálparsveit skáta, Ísafirði.**



HÖFUM ÁVALLT Á LAGER:
Rör, svört og galvaniseruð, bolta og múrbolta, ýmsar stærðir, eirrör, plötujárn, flatjárn, prófíla í öllum stærðum, öxulstál í flestum stærðum, vinkiljárn, skúffujárn, álplötur, flatál, prófílál.

**VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR**

# Stóraukin starfsemi Skíðaráðs Ísafjarðar

Umfangsmikið starf skíðaráðsins er hafið. Lögð hefur verið mikil áhersla á þjálfun yngri flokkanna undanfarin ár og vonumst við til þess að árangur þeirra skili sér enn frekar á næstu árum. Starfsemi ráðsins hefur verið aukin með meiri þjálfun, einnig hafa keppnis og æfingaferðir innan lands sem utan orðið fleiri. Kostnaður hefur því aukist mjög mikið og varð um 150% hækkun kostnaðar á starfseminni í fyrra, frá árinu áður og áætlað er að kostnaðurinn í ár hækki um 120-130%. Það er því ærið starf hjá skíðaráði að afla fjár, skipuleggja alla starfsemina, auk þess mun ráðið sjá um sjö skíðamót á komandi vetri, þar á meðal Bikarmót fullorðinna og Unglingameistaramót Íslands, þar sem gera má ráð fyrir um 200 keppendum.

Skíðafólkið er búið að æfa þrekæfingar í allt haust. Þá var farið með hópinn í æfingabúðir eina helgi upp í Skíðheima og var sú ferð mjög vel heppnuð. Í vetur verða fjórir þjálfarar hjá Skíðaráðinu í göngu og alpagreinum.

Þar sem keppnistímabil skíðafólksins fer fram á sama árstíma og skólar starfa, þarf Skíðaráðið oft að leita á náðir skólanna til þess að æfingar geti farið fram og keppnisfólkið geti farið þær ferðir innanlands og utan, sem nauðsynlegar eru. Yfirleitt hafa þessi samskipti verið mjög góð og vonumst við til að svo verði einnig framvegis. Það er mjög mikið hagsmunamál skíðaíþróttarinnar, að framhaldsskólarnir taki tillit til okkar keppnisfólks, svo það geti haldið áfram menntun, þrátt fyrir að þau séu skíðakeppendur. En allt of mörg dæmi eru um það, að okkar besta keppnisfólk hættir í skóla og stendur svo mjög illa að vígi. Þegar þeirra keppnisferli líkur.

En eitt er það í skólakerfinu sem ég get ekki sætt mig við, en það er hvernig íþrótta-kennslan er jörðuð inn í íþróttahús, án tillits til aðstæðna á hverjum stað. Það hlýtur að vera eðlilegra að stór hluti íþróttakennslunnar frai fram á því svæði sem best er á hverjum stað. Ísafjörður er skíðabær, með skíðasvæðið rétt við bæjardyrnar. Því væri réttara að mikill hluti kennslunnar færi fram á skíðum, heldur en að binda sig við íþróttahús, þar sem aðstaðan er léleg. Nokkrir kaupstaðir eins og t.d. Akranes og Selfoss hafa mjög góð íþróttahús en enga skíðaaðstöðu, aftur á móti er þessu nokkurn vegin öfugt farið hér, góð skíðaaðstaða en lélegt íþróttahús. Það er því engan vegin eðlilegt að öll íþróttakennsla sé steypt í sama mótið. Það væri verðugt verkefni skólanna að fá að aðlaga íþróttakennslunni aðstæðum á hverjum stað.

Það er orðið staðreynd að Ísfirðingar hafa sameinast um Seljalandsdal sem sitt aðal útivistarsvæði, því þar leggur mikill meirihluti bæjarbúa leið sína eins oft og hverjum og einum finnst hæfilegt fyrir sig. Geisilegum fjölda bæjarbúa virðist líka mjög vel á Seljalandsdal, því nú er svo komið að mannvirki þau sem þar eru, anna alls ekki þeim fjölda er þangað sækir. Það ætti því ekki að vera erfið ákvörðun fyrir bæjarstjórn að efla þann útivistarstað sem slíkur fjöldi sækir. Það hefur verið gerð framkvæmdaáætlun fyrir uppbyggingu mannvirkja á skíðasvæðinu næstu ár. Þessi áætlun verður að fylgja eftir og flýta framkvæmdum, þannig að skíðasvæðið komist í eðlilegt horf sem allra fyrst. Það er ekki hægt að sætta sig við að undirbúnings framkvæmdir fyrir opnun skíðasvæðisins, séu ekki hafnar fyrr en nægur snjór er kominn á svæðið og þá á eftir að vinna fleiri vikna vinnu, uns lyfturnar geta opnað. Okkur í Skíðaráðinu finnst starf okkar til lítils, ef keppnisfólkið okkar kemst ekki á skíði fyrr en mörgum vikum á eftir keppnisfólkinu annars staðar á landinu. Það má ekki draga þetta svæði niður á lægsta plan, heldur snúa dæminu algjörlega við, horfa jákvæðara á það starf sem þarna fer fram og vera í forystu allra bæjarfélaga landsins á þessu sviði. Það er staðreynd að skíðamannvirki eru ódýrustu íþróttamannvirki sem reist eru miðað við notendafjölda. Það eru því engar óyfirstígandi erfiðleikar á að Ísafjörður verði best búni skíðastaður lansins innan mjög skamms tíma. Markmiðið er, að Ísafjörður verði best búni skíðastaður landsins.

Hafsteinn Sigurðsson.


**Ísfirðingar Ísfirðingar**

**Verið velkomin á Seljalandsdal**



Í desember verða skíðalyfturnar í gangi:

Þriðju- og fimmtudaga frá kl. 13:00 til 16:00

Laugar- og sunnudaga frá kl. 12:00 til 16:00

Sérstakur opnunartími jólahátíðardagana auglýstur síðar.



Veitingasalan í Skíðheimum verður opnuð á nýja árinu.

Ísfirðingar, gleymið ekki að láta hin vinsælu „gjafakort" skíðalyftunnar með í jólapakkann.

Óskum öllum Ísfirðingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**SKÍÐASVÆÐIÐ Á SELJALANDSDAL**
**SKÍÐHEIMAR, SÍMI 3125**

## Raftæki eru nytsamar jólagjafir

* Vöfflujárn
* Hrærivélasett
* Rakvélar
* Hitapúðar
* Rafmagnspönnur
* Eggjasjóðarar
* Pelahitarar
* Kaffivélar
* Brauðristar
* Straujárn
* Handþeytarar
* Brauðhnífar
* Ryksugur
* Krullgreiður

★ ★ ★

* Kaffivélar, 4- 6- 8- 10- 12- 36 bolla
* Handþeytarar m/skál og grænm.kvörn
* Brauðristar, 7 tegundir
* Hitapúðar og hitateppi

★ ★ ★

KENWOOD — SANYO — PHILIPS
HLJÓMFLUTNINGSTÆKI

Hljómplötur og kassettur í úrvali

PÓLLINN HF. Sími 3792

PÓLLINN HF





Mikið úrval af skófatnaði:

**Vandaðar vörur á hagstæðu verði**

**Skóverzlun Leós**

Hafnarstræti 5, Ísafirði



**NÝKOMIÐ**
FILMUPLÖTUR
GÓLFDÚKUR
LJÓST PARKET
PANILL
PLASTSKÚFFUR, 4 gerðir o. fl.
**Timburverslunin Björk**



**Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.**

Rækjuverksmiðjan Hnífsdal.



ÓSKA STARFSMÖNNUM OG VIÐSKIPTAVINUM GLEÐILEGRA JÓLA.
ÞAKKA SAMSTARFIÐ Á LIÐNUM ÁRUM.

*DAVÍÐ HÖSKULDSSON*
*málarameistari.*



Geysilegt úrval jóladúka
Handklæði frá kr. 23, 45
Diskaþurrkur, 3 í pakka, kr. 34,65
Fjölbreytt úrval náttkjóla á börn og fullorðna.

*VERSLUNIN ÓSK*



VERSLUN BJÖRNS GUÐMUNDSSONAR HF.

*MATVÖRUVERSLUN*
SÍMI 3032
OG 3670



ENDURSKOÐUNAR- OG BÓKHALDSSTOFA
GUÐMUNDAR E. KJARTANSSONAR
Löggiltur endurskoðandi
Silfurgötu 1, Ísafirði
Sími 3142.



## Skíðafólk

Rennið ykkur beint í Ljónið

MATVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
Ávallt eitthvað nýtt á tilboðsverði
Kertamarkaður — Ávaxtamarkaður
Húsgögn — Leikföng — Bækur
Fatnaður — Skór
SÖLUTURNINN ER OPINN TIL KL. 23:30

Heitar samlokur — Pizzur
Hamborgarar — Pylsur
Skeiði — Sími 4072

VÖRUMARKAÐURINN Ljónið



**ODDUR FRIÐRIKSSON HF.**
Silfurgötu 9 Ísafirði
Pósthólf 13 Sími 3665 og 3271

**RADAR- OG DÝPTARMÆLA VIÐGERÐIR**
**SIGLINGATÆKI**
**VARAHLUTIR**



**Alþýðuhúsið Ísafjarðarbíó.**

**Munið símsvarann 4202**



LANDSBANKI ÍSLANDS

**LANDSBANKI ÍSLANDS**
**útibúið á Ísafirði**



**Ísfirðingar — Nágrannar**

**ÞROSKALEIKFÖNG**

Fisher-Price
Playmobile
Matchbox
Barbie-föt o. fl.
Cindy-föt o. fl.
Britens
Gabriel
o. fl. o. fl.

Dúkkur sem tala, gráta, pissa o. fl.
Dúkkuföt á margar gerðir.
Snjóþotur, margar gerðir.
Snjóbretti, nýjung.

**JÁRNBRAUTIR — BÍLABRAUTIR**
fyrir venjulegt rafmagn

Neisti H/F

Vöruúrvalið er alltaf mest í Neista
Ísafirði
Sími 94-3416

# Skíðatrimm

Ein var sú nýjung á síðastliðnum vetri sem gafst mjög vel og er þar átt við trimmgöngu á milli Hnífsdals og Ísafjarðar miðvikudagskvöldið 19. marz. Þátttakan var mjög góð og veðrið með afbrigðum gott. Ætlunin var að endamarkið yrði á Silfurtorgi, en það reyndist ekki unnt vegna snjóleysis á götum Ísafjarðar.



Nú er búið að ákveða að reyna að halda þessa göngu aftur miðvikudagskvöldið 10. marz 1982 og eru bundnar miklar vonir við að þátttakan verði jafnvel almennari en sl. vetur og að hægt verði að komast niður á Silfurtorgið. Ýmsir byrjunargallar voru á framkvæmdinni sl. vetur svo sem ein slóð og ónóg skipting m.a. á milli keppnismanna og annara.

Úr þessu verður nú bætt með tvöfaldri slóð alla leið og jafnvel fleiri slóðum fyrri hluta leiðarinnar, þá verður einnig skiptingin endurskoðuð. Framkvæmdin verður eins, engin þátttökugjöld, aðeins að mæta í Hnífsdal á auglýstum tíma, engir tímar verða teknir en röð manna skráð. Þá vona ég að veðrið verði jafngott og það var 19. marz í ár og að þátttakan verði mikil. Ef einhverjir eru sem hafa góðar og gagnlegar athugasemdir, varðandi gönguna, meiga þeir gjarnan hafa samband.

F.H. SRÍ. Þröstur

Gunnvör hf.

Arnar Geir
Hinriksson hdl.
Fjarðarstræti 15. Sími 4144.



eev
Eiríkur & Einar Valur sf. Byggingaverktakar Stórholt 11 400 Ísafjörður



Óskum starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýjárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.
Eiríkur og Einar Valur S/F
Byggingarverktakar
Ísafirði




Verslunin
Eplið
Ísafirði sími 3103

1 lítri-1/2 lítri 1 lítri 1 lítri-1/2 lítri 1 lítri 1 lítri-1/2 lítri 1 lítri-1/2 lítri 1 lítri






Kaffiterta m/kransakökubotni 12 manna
Ísterta 12 manna – 9 manna
NÝ sérskreytt



Ísterta 6 manna
Kaffiterta 6 manna
Rúlluterta 6 manna
Veisluterta 12 manna




Sítrónu – Mokka – Hnetufrómas
Umboðsaðili: Mjólkursamlag Ísfirðinga




Áætlunarflug innan Vestfjarða

með póst og farþega er þjónusta sem er nauðsynleg þar sem há eru fjöll og vegir fáir. Viðkomustaðir eru: Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bildudalur og Patreksfjörður. Farið er beint milli staða í suðurleið, en flogið er út fyrir annes til baka til Ísafjarðar. Sérstakt ferðamannagjald gildir fyrir þá sem fara samdægurs fram og til baka.



★

Útgefandi:
Ferskí
ferðasjóður skíðamanna

Ábyrgðarmaður:
Arnór Magnússon



Þú þarft ekki að leita lengra



Þú færð allt sem þig vantar til að fara í, á börnin, dömurnar og herrana.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

*VERSLUN HELGU EBENEZERSDÓTTUR*



vestfirska
FRÉTTABLAÐIÐ

**Slysa-tryggingar**

**Við bjóðum hagstæð iðgjöld á öllum slysatryggingum**

Nánari upplýsingar hjá umboðsmönnum eða aðalskrifstofu.

***BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS***
Ísafjarðarumboð
Aðalstræti 22 — Sími 3164



**Prentstofan Ísrún hf.**

**Tágavörur**
**Húsbóndastólar**

**Nýkomið mikið úrval.**

**Ennfremur pinnastólar og borð úr birki og bæsað**

**Húsgagnaverslun Ísafjarðar**


## Ísfirðingar — Ísfirðingar

**Hafið þið hugleitt það, að við búum við snjó í kringum okkur í c.a. 7 mánuði á ári. Þið sem enn hafið ekki áttað ykkur á að nota þennan snjó í staðinn fyrir að láta hann fara í taugarnar á ykkur, ættuð að hugleiða málið. Meirihluti bæjarbúa hefur nýtt sér snjóinn, sér til mikillar ánægju. Haldin verða byrjenda námskeið í vetur á skíðasvæðinu, mikill fjöldi fólks hefur farið á þessi námskeið og rifjað upp gamla kunnáttu eða byrjað sína fyrstu skíðaferð. Hressið ykkur nú upp og drífið ykkur með, þið sjáið ekki eftir því.**


**Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.**

★

NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN HF.
TORFNESI

**Úrvinnsla á margskonar verkefnum í eigin tölvu.**



**REIKNISTOFA VESTFJARÐA HF.**
**ÁRNAGÖTU ÍSAFIRÐI SÍMI 3854**

Sandfell hf
ÍSAFIRÐI
UMBOÐS-
OG HEILDVERZLUN

**Annast beinan innflutning á veiðarfærum, matvörum og hreinlætisvörum til Ísafjarðar.**

★

**Annast vörudreifingu um Vestfirði fyrir 25 innlenda framleiðendur.**

Eflum vestfirzk viðskipti

**Hönnun og ráðgjafa-þjónusta**

Tæknibjónusta Vestfjarða h.f.

**Frönsk ilmvötn frá Estée Lauder**

Private collection
Cinnabar
Estée
Romantic

Úrval annarra tegunda, Clinique, Vu, Anais Anais, Chloe, Charlie, Fidji og mörg fleiri.

Auk þess baðolíur, baðlotion, og baðsölt, freyðiböð og sápur.

Ísafjarðar apótek
HRAFNKELL STEFÁNSSON · SÍMI 3009 · PÓSTHÓLF 14 · ÍSAFIRÐI

Sendum Ísfirðingum bestu jóla- og nýárs-kveðjur



*SUND SF.*

BRÚAR-NESTI
ÍSAFIRÐI
*OPIÐ FRÁ KL. 13:00 TIL KL. 23:30*
*VERIÐ VELKOMIN*
BRÚAR-NESTI
SÍMI 94-4322

# Mótaskrá og mótshald

Nú er búið að ganga frá mótaskrá fyrir veturinn 1982, og var það erfitt að þessu sinni að koma öllum mótum svo fyrir á tímabilinu janúar- apríl að hvergi rækjust á tvö mót í sömu grein fyrir sömu aldursflokka. Þegar SRÍ getur farið að raða héraðsmótum niður á helgar vetrarins eru fyrir á skránni Bikarmót SKÍ sem haldin eru víðs vegar um landið fyrir 13 ára og eldri í öllum greinum. Keppnistímabil skíðamanna hefur jafnan miðast við Skíðamót Íslands á páskum hvert ár og þarf því að vera búið að keppa í stærstu mótunum þá. Þar af leiðir að keppnistímabilið hefur lengst og styttst eftir því hvort páskar eru seint eða snemma á árinu, en við erum tiltölulega heppnir með það í ár.

Á undanförnum árum hefur mótum heldur fjölgað ár hvert og er ekkert nema gott um það að segja, nema það að ef ekki verður fjölgun á starfsmönnum við skíðamót, svo ekki þurfi stöðugt að leita til sömu manna með hjálp, leiðir það til þess að menn verða yfirkeirðir í mótahaldi og miklar líkur til að þeir hverfi alfarið frá því. Það er því brýnt mál að fleiri félagsmenn í íþr.félögunum í bænum sem þátt taka í skíðastarfinu, verði virkari og hjálpi okkur við eitt og eitt mót, það gæri bæði verið skemmtileg reynsla og ekki síst mikil hjálp við þá áhugamenn sem starfað hafa við flest öll skíðamót hingað til. Aðstaða fyrir starfsmenn fer sífellt batnandi og tímatökubúnaður verður fullkomnari, en samt þarf alltaf gott starfslið við mótin.

Það vill ég nefna að lokum að Ísfirðingar hafa verið nokkuð sér á báti hvað varðar önnur skíðahéruð, og er það bæði af landfræðilegum og öðrum ástæðum. Margir hafa lagt hönd á plóginn og haldið reisn staðarins í skíðaíþróttinni á undanförnum árum og ætlum við okkur að halda því áfram. En það fellst ekki eingöngu í því að eiga góða skíðamenn, því mótahald er mikið starf og þegar Ísfirðingar hafa haldið gott og vel skipulagt stórmót, sem fer alfarið eftir starfsmönnum og þeim er undirbúa mótið, svo allir geta verið stoltir af, er mjög gaman að hafa tekið þátt í því, ekki sem keppandi, heldur sem mótshaldari. Yfirleitt er ekki fjallað um þennan þátt þegar fréttir berast frá íþróttamótum, en þegar það þykir fréttnæmt er það annað hvort vegna þess að mótið var illa eða vel framkvæmt. Við viljum áfram teljast til síðari hópsins.

Nú í vetur, nánar tiltekið 18.- 21.marz verður Unglingameistaramót Íslands á skíðum haldið hér á Ísafirði. Undirbúningur undir það er þegar hafinn, því þetta er stórmót og eitt það fjölmennasta sem haldið er á Íslandi í dag. Það vona ég svo að þú sem þetta lest hafir áhuga og getir hjálpað okkur við framkvæmd þess á einhvern hátt, svo það megi vel takast og að allir skíðamenn landsins og ísfirðingar geti sagt að mótinu loknu,

**„Unglingameistaramótið á Ísafirði 1982 var staðnum til sóma.“**

**Þröstur Jóhannesson.**



**LAGNIR SF.**

PÍPU-
LAGNINGA-
ÞJÓNUSTA

**Símar:
3770
4014**

HÓTEL ÍSAFJÖRÐUR

**minnir á að Kaffiterían er opin daglega frá kl. 8:00 á morgnanna til kl. 22:00 á kvöldin.**

**Í jólamánuðinum munum við bjóða upp á heita hressingu, það er jólaglögg og piparkökur, frá hádegi til jafns við opnunartíma verslana. Að sjálfsögðu eru allir okkar gómsætu réttir á boðstólum á þessum tíma.**

**Hvað er notalegra í svartasta skammdeginu, en gera hlé á jólainnkaupunum, koma inn í hlýjuna og orna sér á heitu jólaglöggi eða kaffisopa?**

**Athugið að hótelið verður lokað 24., 25., 26. og 27. des., svo og eftir hádegi 31. des og 1. og 2. janúar.**

**VIÐ ERUM MIÐSVÆÐIS Í AÐAL VERSLUNARHVERFINU**

Gleðilega jólahátíð, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

HÓTEL ÍSAFJÖRÐUR
Silfurtorg 2,
400 Ísafjörður, Iceland

**Skíðafólk og aðrir Ísfirðingar**

Forðumst spé og móðu, veljum það fullkomnasta einangrunargler, sem landið býður

GLERBORG HF

PL 400 undralímið

nauðsynlegt á hvert heimili

ÍSAFJARÐARUMBOÐ:
Jón M. Gunnarsson, sími 3939

Óska starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.

**Eir hf.**

**Óskum ísfirsku skíðafólki góðs gengis á komandi vetri**

Gísli Guðmundsson

***GUÐMUNDUR ÞÓRÐARSON HÚSASMÍÐAMEISTARI***

Óska starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin.

ORKUBÚ VESTFJARÐA



**ÓSKUM ÍSFIRSKU SKÍÐAFÓLKI GÓÐS GENGIS Á KOMANDI VETRI.**

**Vetrarskoðun**

1. Mótorþvottur
2. Hreinsuð geymasambönd
3. Mældur rafgeymir
4. Mæld hleðsla
5. Mótor þjöppumældur
6. Skipt um kerti
7. Skipt um platínur
8. Mótorstilling
9. Ath. ljós og stilla
10. Ath. viftureim
11. Ath. ísvara á rúðusprautum
12. Stilla kúplingu
13. skipta um olíu
14. Smyrja
15. Mældur frostlögur

INNIFALIÐ Í VERÐI, KERTI, PLATÍNUR, OLÍA, SMURNING, VINNA

ÞRÁTT FYRIR VERÐHÆKKUN bjóðum við vetrarskoðun á sama verði til áramóta.

4 cyl. kr. 785,60
6 cyl. kr. 875,60
8 cyl. kr. 976,60

Bílaverkstæði Ísafjarðar Sími 3379

**HÚSBYGGJENDUR OG AÐRIR STÓRHUGAMENN**

ÁVALLT FYRIRLIGGJANDI:

| | |
|---|---|
| Fúufillingar | 2 stærðir |
| Gúmmílistar | 3 stærðir |
| Silikon | 3 litir |
| Gluggaskrúfur | 3 stærðir |

UNDRALÍMIÐ PL 400 til skíðaviðgerða

**VERUM VANDLÁT, VELJUM RÉTT**

FLÍSIN SF

**Símar 3939 — 3598**



ÚTGERÐ ◎ FISKVINNSLA
KJÖTVINNSLA ◎ VERZLUN

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ NORÐURTANGI HF

(94)4000-4009

# HRÖNN HF.
# ÍSAFIRÐI

***ÓSKUM ÍSFIRSKUM SKÍÐAMÖNNUM VELGENGNI Í VETUR.***

**Rækjustöðin hf.**

Gerið jólainnkaupin tímanlega. Það borgar sig. Gjörið svo vel að líta inn.

**VINNUVER**

***SENDUM VIÐSKIPTAMÖNNUM BESTU JÓLA- OG NÝÁRSKVEÐJUR***

TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
DANÍELS KRISTJÁNSSONAR

Óskum starfsmönnum og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

***NIÐURSUÐUVERKSMIÐJA O.N. OLSEN***

## Steypusala:

GRÆNIGARÐUR HF.

Steinsteypa afgreidd á byggingarstað.
Dælubíll — Byggingarkrani.

## Netagerð Vestfjarða hf.

Sími 3413

●

Búðanes
útgerðarfélag

★

TRÉSMÍÐA-
VERKSTÆÐI

## Arnórs Stígssonar

Hlíðarvegi 32
sími 3539

***GERFIJÓLATRÉ Í TVEIMUR STÆRÐUM***

★

***KERTI Í ÞÚSUNDATALI***

*

**Blómabúðin**

Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.

GUNNAR OG EBENESER HF.

## ÍSHÚSFÉLAG ÍSFIRÐINGA HF.

## Djúpbáturinn h.f.

**Óskum starfsfólki og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og nýjárs með þökk fyrir samstarfið og viðskiptin á liðnu ári.**

## KAUPFÉLAGIÐ

Munið jólamatinn í kaupfélaginu. Hvergi betri, hvergi betra verð.

●

Jólagjafir í sérvörubúð.

●

Jólafötin hjá Einari og Kristjáni.

●

Í nýju byggingarvörudeildinni, Grænagarði, er úrval hreinlætistækja. Komið og skoðið GUSTAFSBERG hreinlætistækin og HUPPE sturtuklefana.

**KAUPFÉLAG ÍSFIRÐINGA**



**skynsamt fólk velur traust tryggingafélag**



**SAMVINNUTRYGGINGAR GT**
**ÍSAFIRÐI**
Austurvegi 2, II. hæð sími 3555.

Óskum starfsfólki og viðskiptavinum okkar GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS

**Vélsmiðjan Þór hf.**

## LJÓSVAKINN

SKÓLASTÍG 4 — BOLUNGARVÍK
SÍMI 7373 NAFNNR. 6149-1198

**Raflagnir — Raflagnaefni**

TUDOR
NOACK
rafgeymar

CONCORD
kastarar
kastarabrautir

Nýkomin sending af VINIL VEGGDÚK og VEGGFÓÐRI HÖRPUSILKI í tískulitunum POLYTEX í óskalitunum

**G. E. Sæmundsson hf.**
málningarvöruverslun
sími 3047

ÚTVEGSBANKI · ÍSLANDS ·

Hefur þú séð nýju seðlaveskin okkar? Ef ekki, líttu þá við og skoðaðu úrvalið. Höfum einnig margar gerðir af buddum.

**ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS**
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI




# Skíði og bún-

# Skíða aður



**fyrir alla fjölskylduna**



**Þegar sekúndur skipta máli, reynast skíðin frá Sporthlöðunni best.**

**Mörgun finnst þeir skíða betur á skíðum frá Sporthlöðunni.**

## Skíði — Skór — Bindingar — Stafir

**Skíðagallar — Samfestingar — Úlpur — Vesti — Buxur**

Húfur — Hanskar — Sokkar — Eyrnaskjól — Lúffur — Gleraugu

JÓLAGJÖF ÍÞRÓTTAMANNSINS FÆRÐU HJÁ OKKUR

## Sporthlaðan

**Sími 4123**

Ath. breyttan opnunartíma í desember:
Opið föstudaga til kl. 22:00
Laugardaginn 19. des. til kl. 22:00
Miðvikudaginn 23. des. til kl. 23:00